



2. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2019 - 2020 haldinn föstudaginn 18. okt. 2019 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari (KÞ), Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Frosti Jónsson, Þorsteinn Júlíus Árnason varamaður og Sigrún María Jörundsdóttir. Fundinn sátu einnig Anna Sigríður Brynjarsdóttir fulltrúi kennara, Natallía Erla Arnórsdóttir fulltrúi nemenda og Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- Fjármál skólans
KÞ fór yfir ástandið sem er gott, áætlunin er ekki alveg rétt og ekki hægt að leiðrétta það. Árinu verður skilað með afgangi og segja má að fjárhagurinn sé nokkuð góður. Áslaug bað Kristinn um að bæta við upplýsingum fyrir skólanefndina um nákvæma stöðu skólans núna. Hann ætlar að verða við því. Skólinn búinn að leggja mikla fjármuni í að bæta starfsaðstöðu kennara.
- Félagslíf nemenda
Salsaballið í fullum undirbúningi og búið að fá flotta listamenn. Enn á eftir að skila kostnaðaráætlun en það er í undirbúningi. Ballið verður í Austurbæ og gert er ráð fyrir a.m.k. 800 seldum miðum. FG-Flensburg var um daginn og gekk vel. Flensburg fékk fleiri vinninga.
- Miðönn og framgangur þriggja anna kerfis og innritun á miðönn
Nokkrir hafa sótt um að hefja nám í FG á miðönn. Nemendur fæddir 2003 verða teknir inn. Þriggja anna kerfið er nýtt og skólinn er að fóta sig í nýjum aðstæðum. Eitt af því sem þarf að skoða er t.d. hvort útskrifa eigi þrisvar. Mikil ánægja með þriggja anna kerfið, skólabragurinn er rólegur og nemendur tala um minna og jafnara álag en áður. Eftirtektarvert að t.d. hefur umgengni stórbatnað. Nýnemar flottir og standa sig vel.
- Kynning á námsráðgjöf í skólanum
Dagný Broddadóttir (DB) og Auður Sigurðardóttir (AS) náms- og starfsráðgjafar bætast við fundargesti. Þær kynntu helstu viðfangsefni sín innan skólans og buðu upp á spurningar. Spurt var um hvernig þær koma að nýnemum. DB og AS kynna sig í öllum nýnemahópum og bjóða þeim aðstoð við námsferla. Einnig standa þær einu sinni í viku í anddyri skólans og bjóða öllum nemendum góðan daginn þegar þeir streyma inn í skólann. Þær eru ekki með fasta viðtalstíma heldur geta nemendur komið við hjá þeim hvenær sem er og ef þær eru lausar þá fá nemendur viðtal. Þær sjá einnig um að kynna framhaldsnám fyrir þá nemendur sem eru á útskriftarönninni sinni. Nemendur geta líka farið í áhugasviðskönnun hjá þeim. DB og AS hafa borið þungann af því að kynna skólann fyrir grunnskólanemendum. KÞ talaði um að finna fyrir því að áhugi foreldra á skólagöngu barna sinna hafi minnkað. Talað um að FG taki þátt í forvarnaviku Garðabæjar. DB og AS yfirgefa fundinn.
Ytra mat
Skýrsla úttektaraðila er nýkomin. Skólinn er byrjaður að vinna í umbótaáætlun og sumum atriðum mun skólinn hafna. Á heildina litið eru þetta góðar athugasemdir enda engin athugasemd sem ekki er hægt að laga. Athugasemdir verða notaðir til að gera góðan skóla betri. KÞ mun senda nefndarfólki slóð á skýrsluna þegar hún verður birt á netinu, hann mun einnig senda umbótaáætlun þegar hún verður klár.
- Önnur mál

Sjálfsmatskýrsla FG – búið að senda á nefndarfólk. KP talaði um í kjölfarið mikið álag á skólafólk vegna vinnu sem er að bætast við s.s. jafnlaunavottun, skjalavinnu o.fl. Mikil vinna í kringum svona skrifinnsku, tekur tíma af því sem annars væri varið annars staðar t.d. í faglega vinnu innan skólans.

Bréf til bæjarstjórnar með ósk um landskika til útikennslu og kolefnisjöfnunar ferða á vegum FG.

KP dreifði bréfi sem eru drög að bréfi til bæjarráðs Garðabæjar um að skólinn taki að sér landskika til umönnunar. Gott og skemmtilegt framtak og það verður gaman að sjá hvað verður úr þessu. Ekki er búið að reikna út hversu stór skikinn þarf að vera til að hægt sé að kolefnisjafna utanlandsferðar skólans í náinni framtíð.

Græn skref 1 og 2

Búið er að taka skólann út varðandi Græn skref, 1 og 2. Beðið er eftir niðurstöðum.

KP ætlar að biðja um að á bílplaninu verði sett *grænt stæði* þar sem hægt verður að hlaða rafmagnsbíla. Það getur verið þáttur í verkefni Garðabæjar að fækka kolefnissporum bæjarins.

Fundi slitið

Lagt er til að næsti fundur skólanefndar verði 28. nóv. 2019.

Fundarritari

Kristín Helga Ólafsdóttir